



– fyrir íslenska verslun

Alþingi
Erindi nr. P 136/302
komudagur 4.12.2008

Nefndarsvið Alþingis
B.t. Brynhildur Pálmadóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember, 2008

Efni: Umsögn FÍS um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

I. Almenn

Vísað er til erindis háttvirtar viðskiptanefndar Alþingis dagsett 27. nóvember 2008 þar sem óskað er umsagnar FÍS um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

FÍS vill taka það fram í upphafi að félagið telur eftirlit með fjármálastarfsemi vera hornstein heilbrigðs fjármálastarfs og grundvallar atriði við endurreisn þess eftir ófarir síðustu mánaða. Félagið fagnar einnig þeirri endurskoðun sem gerð hefur verið á rekstraráætlun FME.

Félagið vill engu að síður vekja athygli á eftirfarandi atriðum sem það telur að verðskuldi nánari athugun.

II. Eftirlitsgjald með Kaupþing banka hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlitsgjald verði lagt á Kaupþing banka hf., Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Þetta telur FÍS vera varhugavert. Grundvallast það í aðalatriðum á þrenns konar sjónarmiðum.

Í fyrsta lagi telur félagið ekki forsvaranlegt að leggja gjöld á umrædda lögaðila sem eru einungis til þess fallin að skerða lögvarin rétt þeirra kröfuhafa sem tilkall eiga við skipti þeirra.

Í öðru lagi telur félagið að vafasamt sé hvort að umræddir lögaðilar séu í eftirlitsskyldri starfsemi. Staða, starfsemi, féлагаform og eignarhald umræddra lögaðila er að miklu leyti í lagalegu tómarúmi. Það er því allsendis óljóst innan hvaða gjalddökuheimilda 5. gr. laga nr. 99/1999 þessir aðilar falla.



– fyrir íslenska verslun

Í þriðja lagi vili FÍS benda á að skv. lögum nr. 125/2008 (neyðalögum) er starfsemi umræddra aðila að verulegu leyti í höndum FME. Umrætt eftirlit hefði FME því með eigin störfum. Slíkt er mjög óheppilegt og í ósamræmi við ríkjandi hugmyndir um nútíma stjórnsýslu. FÍS telur því engar forsendur fyrir því að FME fari með eftirlit með sjálfu sér. Því síður að slíkt eftirlit verði á kostnað kröfuhafa.

III. Hlutfallstala eftirlitsgjalds

Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skulu, skv. 1. gr. laga nr. 99/1999, standa straum af kostnaði við rekstur FME. Sá kostnaður hefur á undanförunum árum farið ört vaxandi. Nú er hins vegar svo komið að innlend fjármálastarfsemi er aðeins brot af því sem hún var áður. FÍS telur þessa þróun leiða það af sér að FME beri að draga saman segl sín í hlutfalli við þá þróun sem er að verða á innlendum fjármálamarkaði. Slíkt leiðir af sér lægri kostnað við rekstur FME og í samræmi við áður nefnt ákvæði 1. gr. laga nr. 99/1999 ættu gjöld að lækka í samræmi við það.

Lagt er til í umræddu frumvarpi að hlutfallstala eftirlitsgjalds verði 0,00697%. FÍS telur að löggjafinn eigi að hafa það að leiðarljósi við endurreisn íslensk fjármálakerfis að létta róður þeirra aðila sem starfa innan þess. Með það fyrir sjónum leggur FÍS það til að öll gjaldtaka eigi að vera í lágmarki. Þá eigi gjaldtakan að taka mið af því hvert hlutverk FME ætti að vera í ljósi þess nýja veruleika sem við blasir. Engar forsendur eru fyrir því að viðhalda kostnaði FME í óbreyttu ástandi frá því sem var fyrir hrun bankakerfisins. Umrætt eftirlitsgjald ætti á þeim forsendum að vera töluvert lægra en áður var.

Vert er að geta þess að sá kostnaður sem verður við starfsemi FME vegna þess hlutverks sem stofnuninni er ætlað í lögum nr. 125/2008 (neyðalögum) á ekki að falla á eftirlitsskylda aðila sbr. m.a. 5. gr. þeirra laga. Það er því mikilvægt að umrædd gjaldtaka renni ekki í að fjármagna þau verkefni.

IV. Annað

Að lokum áskilur FÍS sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Með kærri kveðju,

Páll Rúnar Mikael Kristjánsson hdl.
Lögfræðingur Félags íslenskra stórkaupmanna
Netfang: pall@fis.is

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
b.t. viðskiptanefndar
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 136/295
komudagur 2.12.2008

2. desember 2008
Tilvísun: 2008120003


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.


Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs viðskiptanefndar Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 28. mál, álagningarstofn eftirlitsgjalds.

Fjármálaeftirlitið styður efni frumvarpsins. Í fylgiskjöllum með frumvarpinu er að finna ítarlegar upplýsingar um rekstur og horfur i starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Ennfremur er vísað í greinargerð Fjármálaeftirlitsins "Endurmat áætlaðs rekstarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009", dags. 26. nóv. 2008, sem er meðfylgjandi drögum að breytingartillögum við frumvarpið í bréfi viðskiptanefndar, en þar er að finna rökstuðning við breytingar sem lagðar eru til á frumvarpinu vegna breyttra aðstæðna á fjármáلامarkaði.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Jónas Fr. Jónsson


Ragnar Haflíðason

Alþingi
Erindi nr. P 136/495
komudagur 15.12.2008



Alþingi
viðskiptanefnd
b.t. Brynhildar Pálmarsdóttur
Austurstræti 8 - 110
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2008
200812004
60.12
EJ

Efni: frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastafsemi, 28. mál.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

Einar Jónsson lögfr.

*Alþingi
Erindi nr. P 136/329
komudagur 5.12.2008*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. desember 2008
Tilvísun 111
IRG

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis frá 27. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallarinnar um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 28. mál, álagningarstofn eftirlitsgjalds.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Páll Harðarson, aðstoðarforstjóri

Alþingi
Erindi nr. þ 136/319
komudagur 3.12.2008

Ólafur Gústafsson, hrl.
Kringlunni 7,
103 Reykjavík.

Reykjavík 2. desember 2008.

Fjármálaeftirlitið
b.t. Jónasar Fr. Jónssonar, forstj.,
Suðurlandsbraut 32,
108 Reykjavík.

Efni: Endurmat áætlaðs rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) hefur borist *Endurmat áætlaðs rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009* dags. 26. nóv. 2008. Þar er gerð grein fyrir endurmati FME á ætluðum rekstrarkostnaði eftirlitsins á árinu 2009 í ljósi breytinga sem verða í starfsumhverfi þess eftir ráðstafanir á fjármáلامarkaði í október á þessu ári á grundvelli laga nr. 125/2008. Þar kemur fram að fyrir liggi að rekstrarumfang stofnunarinnar verði minna en fyrri áætlun gerði ráð fyrir.

Megin niðurstaða endurmatsins er að áætlaður heildarrekstrarkostnaður lækki úr kr. 1.192.200 í kr. 922.200 eða um kr. 270.000 sem er um 22.6% lækkun. Áætlunin gerir síðan ráð fyrir að nánast öll lækkunin komi fram hjá viðskiptabönkunum.

Með hliðsjón af þessu endurmati og nýrri áætlun eru nú til meðferðar hjá viðskiptanefnd Alþingis drög að *breytingartillögum við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum*, sbr. þskj. 28 – 28. mál.

Þar sem Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila sendir ekki frá sér sameiginlega umsögn um þetta endurmat FME vill undirritaður, sem er fulltrúi Landssamtaka lífeyrissjóða í nefndinni, koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:


1. Í endurmati FME er gert ráð fyrir að ekki verði af fjölgun stöðugilda um 7.8 á árinu 2009 eins og gengið var út frá í fyrri áætlun. Þetta leiðir til lækkunar áætlaðs rekstrarkostnaðar um 207.7 millj. kr. eða 23.5%. Samkvæmt skýrslu FME, *Rekstur og starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins næstu þrjú ár*, dags. 27. júní 2008 er gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda um 4 vegna lánamarkaðar, um 2 vegna innheimtustarfsemi, um 1 vegna upplýsingatækni og um 0.8 vegna almennra skrifstofustarfa. Þrátt fyrir þetta er öll lækkunin sem verður af þessari breytingu á launakostnaði reiknuð viðskiptabönkum til tekna.
2. Annar reksturskostnaður lækkar um rúmar 62 millj. kr. í endurmati FME. Þar vega þyngst liðir eins og húsaleiga og rekstur húsnæðis sem lækkar um 15.5 millj. kr., rekstur tölvubúnaðar með 12.5 millj. kr. lækkun og kostnaður vegna

flutninga og eignakaupa sem lækkar um 22.5 millj. kr. Hér er um rekstrarliði að ræða sem varða heildarstarfsemi FME en ekki aðeins þá sem snúa að viðskiptabönkunum. Þrátt fyrir það er þessi lækkun látin koma fram hjá þeim en ekki öðrum eftirlitsskyldum aðilum.

3. Í upphaflegri rekstraráætlun FME fyrir 2009 frá júní 2008 er gert ráð fyrir að heildarálagning á lífeyrissjóðina verði á árinu 2009 rúmar 154 millj. kr. og að álagningarhlutfallið hækki úr 0.00891 í 0.00923. Í endurmati FME fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir óbreyttri heildarálagningu á lífeyrissjóðina eða 154 millj. kr. og álagningarhlutfallið hækki samkvæmt framangreindu. Í ljósi þess að lækkun heildarreksturskostnaðar FME tekur til kostnaðarliða sem ágreiningslaust tekur að stórum hluta til allrar starfsemi FME, einnig þeirrar er tengist lífeyrissjóðum, er sú niðurstaða sem felst í endurmati FME óviðunandi fyrir lífeyrissjóðina. Ef aðeins er tekið tillit til liðar 2 hér að framan ætti heildarálagning á lífeyrissjóðina að lækka um 8-9 millj. kr.
4. Rekstur FME hefur vaxið mjög mikið á síðustu árum. Á síðustu tveimur árum, 2006-2008, hefur stöðugildum fjölgað um ca. 50%, launakostnaður um ca. 70% og heildarrekstrarkostnaður um ca. 120% á föstu verðlagi. Ljóst er að gjörbreytt umhverfi á fjármálamarkaði kallar á gagngera endurskoðun á rekstri FME. Í þeim efnum er ástæða til að endurskoða launakostnað stofnunarinnar með hliðsjón af því sem er að gerast í þjóðfélaginu almennt, en fyrir liggur að meðallaunakostnaður FME á hvert stöðugildi er mjög hár í samanburði við þá aðila sem eðlilegt er að stofnunin beri sig saman við, ekki síst eftir hið gerbreytta ástand á bankamarkaði.

Undirritaður telur óhjákvæmilegt að FME taki tilvitnað endurmat áætlaðs reksturskostnaðar stofnunarinnar á árinu 2009 til endurskoðunar og að sú lækkun á áætluðum reksturskostnaði sem ráð er fyrir gerð komi ekki aðeins til lækkunar álagningargjalds á viðskiptabanka heldur jafnframt til lækkunar á álagningargjaldi á lífeyrissjóði og aðra eftirlitsskylda aðila.

Virðingarfyllst,


Ólafur Gústafsson.

Afrit send:
Viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Ágúst Ólafs Ágústssonar, form.

Samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila
b.t. Guðjóns Rúnarssonar, form.

	2007			2008			Breyting		2007			Breyting	
	Eftirlits- gjald	Hlutfall af heild	Taxti	Eftirlits- gjald	Hlutfall af heild	Taxti	gjalds	taxta	Eftirlits- gjald	Hlutfall af heild	Taxti	gjalds	taxta
Lánastofnanir	494.926	54,16%		347.252	42,73%		-29,8%		360.298	44,33%		-27,2%	
Viðskiptabankar	441.963	48,37%	0,00682%	260.484	32,05%	0,00697%	-41,1%	2,2%	270.948	33,34%	0,00725%	-38,7%	6,3%
"Gömlu" viðskiptabankarnir				12.000	1,48%				12.000	1,48%			
Sparisjóðir	34.522	3,78%	0,00661%	46.108	5,67%	0,00697%	33,6%	5,4%	47.774	5,88%	0,00725%	38,4%	9,7%
Lánafyrirtæki	18.441	2,02%	0,00661%	28.660	3,53%	0,00697%	55,4%	5,4%	29.576	3,64%	0,00725%	60,4%	9,7%
Vátryggingafélög	125.649	13,75%	0,38100%	153.953	18,94%	0,40800%	22,5%	7,1%	143.884	17,70%	0,38100%	14,5%	0,0%
Vátryggingamiðlarar	1.817	0,20%	0,02150%	1.800	0,22%	0,02150%	-0,9%	0,0%	1.800	0,22%	0,02150%	-0,9%	0,0%
Verðbréfatengd félög	45.612	4,99%		59.267	7,29%		29,9%		60.386	7,43%		32,4%	
Verðbréfafyrirtæki	9.971	1,09%	0,06100%	15.243	1,88%	0,06400%	52,9%	4,9%	14.698	1,81%	0,06100%	47,4%	0,0%
Verðbréfamíðlanir	1.050	0,11%	0,06100%	1.400	0,17%	0,06400%	33,3%	4,9%	1.400	0,17%	0,06100%	33,3%	0,0%
Rekstrarfélög	34.591	3,79%	0,00740%	42.624	5,24%	0,00600%	23,2%	-18,9%	44.288	5,45%	0,00740%	28,0%	0,0%
Kauphallir	4.054	0,44%	0,61000%	5.136	0,63%	0,61000%	26,7%	0,0%	5.136	0,63%	0,61000%	26,7%	0,0%
Lífeyrissjóðir	133.544	14,61%	0,00891%	154.050	18,96%	0,00923%	15,4%	3,6%	148.807	18,31%	0,00891%	11,4%	0,0%
Verðbréfamíðstöðvar	2.570	0,28%	0,08400%	2.975	0,37%	0,08400%	15,8%	0,0%	2.975	0,37%	0,08400%	15,8%	0,0%
Aðrir aðilar	18.799	2,06%		20.864	2,57%		11,0%		20.864	2,57%		11,0%	
Innlánsdeildir samvinnufélaga	300	0,03%	300	300	0,04%	300	0,0%	0,0%	300	0,04%	300	0,0%	0,0%
Íbúðalánasjóður	14.899	1,63%	0,00275%	16.964	2,09%	0,00280%	13,9%	1,8%	16.964	2,09%	0,00280%	13,9%	1,8%
Tryggingarsjóður innstæðueigenda	300	0,03%	300	300	0,04%	300	0,0%	0,0%	300	0,04%	300	0,0%	0,0%
Tryggingarsjóður sparisjóða	300	0,03%	300	300	0,04%	300	0,0%	0,0%	300	0,04%	300	0,0%	0,0%
Eignarhaldsfélög	3.000	0,33%	1.500	3.000	0,37%	1.500	0,0%	0,0%	3.000	0,37%	1.500	0,0%	0,0%
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa	86.800	9,50%		64.400	7,92%		-25,8%		64.400	7,92%		-25,8%	
Aðilar með innheimtuleyfi				3.000	0,37%				3.000	0,37%			
Samtals	913.771			812.697			-11,1%		811.550			-11,2%	

Alþingi
Erindi nr. P 136/320
komudagur 3.12.2008

Alþingi
Eind nr. P 136/336
Erindi nr. P 5.12.2008
komuáaugur



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5.12.2008

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 28. mál

Samtök atvinnulífsins telja sem fyrr mikilvægt að til staðar sé sjálfstætt og faglegt eftirlit með fjármálastarfsemi. Um skipulag þeirrar starfsemi verður þó að taka tillit til þess að miklar breytingar hafa orðið á fjármálamarkaði við hrun þriggja stærstu viðskiptabankanna. Það áfall kallar á endurskoðun á umfangi starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Í fylgiskjali Fjármálaeftirlitsins með frumvarpinu kemur fram endurmat þess á rekstrarkostnaði ársins 2009 sem felur í sér að fyrirhuguð hækkun um rösklega 320 m.kr. verði að mestu dregin til baka, þannig að rekstrarkostnaður á árinu 2009 verði 922,2 m.kr. í stað 1.192,2 m.kr. skv. upphaflegri áætlun. Í þessu felst eðlilegt skref, en á næstu misserum er engu að síður æskilegt að leita leiða til frekari niðurskurðar á rekstrarkostnaði, enda óhjákvæmilegt við núverandi aðstæður að Fjármálaeftirlitið gæti eins og aðrir aðilar aukins aðhalds í rekstri. Í því efni skal bent á að laun, sem nemur um 75% rekstrarútgjalda, eru með því hæsta á stöðugildi sem þekkist hjá sambærilegum stofnunum. Blasir við að gjörbreyttar aðstæður eru fram undan á vinnumarkaði almennt á næstu misserum og ekki síst meðal sérfræðinga í fjármálaþjónustu.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 136/464
komudagur 12.12.2008

12.12.2008

Viðskiptanefnd Alþingis.

Varðar þingskjal 28, 28. mál kostaður við eftirlit með fjármálastarfsemi

Samtök fjárfesta gera ekki athugasemd við frumvarpið en leggja jafnfram áherslu á að staðið verði fjárhagslegt sjálfstæði eftirlits með fjármálastarfsemi.

Samtök fjárfesta taka ekki afstöðu til einstakra liða í gjaldskrá sem fram kemur í frumvarpinu. Ef aðstæður em nú eru uppi krefjast aukafjárveitinga, þá verður hið háa Alþingi að tryggja að eftirlitsstarf sé með fullnægjandi hætti.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason

Framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta

Alþingi
Erindi nr. P 136/321
komudagur 3.12.2008

From: Guðjón Rúnarsson [mailto:guðjon@sff.is]
Sent: 3. desember 2008 13:12
To: Brynhildur Pálmarsdóttir
Cc: Jónas Fr. Jónsson; Þorsteinn E. Marínósson'
Subject: Til viðskiptanefndar Alþingis: Rekstrarkostnaður FME
Importance: High

Í meðfylgjandi töflu (viðhengi), sem var breytt af Þorsteini Marínóssyni FME í gær að minni ósk, er búið að stilla skiptingu eftirlitsgjaldsins þannig upp að aðrir aðilar en viðskiptabankar og Íbúðalánasjóður haldi óbreyttu álagningarhlutfalli frá gildandi lögum vegna 2009. Þetta er útfærsla í samræmi við umræðu á fundi viðskiptanefndar í gær.

Umsvif Íbúðalánasjóðs eru nú að aukast mikið, þar sem hann mun yfirtaka mikið af húsnaðislánnum banka og sparisjóða. Því er aldrei meiri þörf á að tryggja sem best eftirlit með sjóðnum. Hækkun á ÍLS milli ára sem þessi tilлага gerir ráð fyrir er þannig að mati sumra af þeim sem ég hef rætt við of lítil.

Eins og sést gerir tillagan ráð fyrir ca. 18 millj. kr. hækkun á viðskiptabanka, frá endurskoðaðri tillögu FME dagsettri 26. nóvember.

Sjá hér neðar í póstinum breytingu á einstaka viðskiptabanka milli þessara tveggja tillagna. Ég hef rætt við þá 6 viðskiptabanka sem þetta snýr að og fengið eftirfarandi viðbrögð:

- Nýja Kaupþing, Nýi Glitnir, Nýi Landsbanki, Straumur og MP Fjárfestingarbanki gera ekki athugasemdir.
- Icebank bendir á að 60% af efnahagsreikningi bankans sem myndar gjaldstofninn til FME samanstandi nú af repo-bréfum gagnvart fyrrum viðskiptabönkum. Icebank ítrekar að ef sömu viðmið væru notuð og gagnvart nýjum ríkisbönkum, sem bera slík bréf ekki á sínum efnahagsreikningi, ætti bankinn að greiða helmingi minna en nú er ráðgert.

Hvað varðar það sem Icebank nefnir er rétt að benda á að aðrir aðilar eru einnig með eitthvað af slíkum bréfum á sínum reikningum, þó Icebank hafi verið mest í slíkum viðskiptum. Þessi sjónarmið gætu þannig átt að einhverju leiti einnig við um Straum, af viðskiptabönkunum 6. Rétt er að nefndin ræði þetta við FME, og þá einnig með hliðsjón af þeim tímavæðingum efnahagsreiknings sem myndar gjaldstofn fyrir útreikning eftirlitsgjalds (áramót 2007/2008, nema hjá nýjum ríkisbönkum).

kv. Guðjón
www.sff.is

	Ársreikn. 2007	0,00661 % á sparisjóði og lánafyrirtæki
(móðurfélög)	Álagningargr.	0,00746 % á banka
Viðskiptabankar samþals	Þús.kr.	Með lágmgj.
Nýja Kaupþing hf.	699.925.000	52.214
Nýi Landsb. Ísl. hf.	1.300.149.000	96.991
Nýi Glitnir hf.	885.901.000	66.088
Straumur Burðarás	546.531.430	40.771
Icebank hf.	252.405.984	18.829
MP Fjárfestingarbanki	52.306.576	3.902
Samt.	3.737.218.990	278.797

	Áætlun álagning 2009
	0,00697
Viðskiptabankar:	<i>Með lágmgi.</i>
Nýja Kaupþing hf.	48.785
Nýi Landsb. Ísl. hf.	90.620
Nýi Glitnir hf.	61.747
Straumur Burðarás	38.093
Icebank hf.	17.593
MP Fjárfestingarbanki	3.646
Samt	260.484

From: Þorsteinn E. Marínósson [mailto:thorsteinn@fme.is]

Sent: 2. desember 2008 17:10

To: Guðjón Rúnarsson

Cc: Jónas Fr. Jónsson; Ragnar Hafliðason

Subject: Rekstaráætlun FME 2009 -ný útgáfa af tekjutöflu skv. beiðni samráðsnefndar

Sæll Guðjón

Ég vísa til símtals okkar fyrr í dag og sendi hér meðfylgjandi nýja útgáfu af töflu 2 „Áætlun álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld“. Í þessari útgáfu töflunnar eru notuð öll sömu álagningarhlutföll og í gildandi lögum nema á viðskiptabanka sem nú fá álagningarhlutfallið 0,00746% (lög 0,00682%) og á Íbúðalánsjóð sem nú fær hlutfallið 0,00320% (lög 0,00275%). Auk þess fylgir með hvernig álagning skv. töflunni yrði á einstakar lánastofnanir.

Kveðja / Best Regards,

Þorsteinn E. Marínósson

Fjármálaeftirlitið / Financial Supervisory Authority, Iceland

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009 og tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Tafla 2

Miðað er við álagningarþörf 812.697 þús.kr. skv. endurskoðari rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2009

Áætluð álagningarhlutföll annarra en viðskiptabanka eru óbreytt frá gildandi lögum. Lágmarks- og fastagjöld öll óbreytt.

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/1999 5. gr. Liður nr.	Útr. stofn *)	Álagt eftirlitsgjald 2008	Hlutf. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álag. 2008	Álagningarstofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2007 ³⁾	Áætluð lán- og fastagjöld 2009	Gildandi lán- og fastagjöld 2008	Áætluð álagningar hlutföll - % vegna ársins 2009	Gildandi álagningarhlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2009 ¹⁾	Hlutf. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álag. 2009
Lánastofnanir - <i>töluliður 1. samtals</i>			494.926	54,16	4.755.435.031					361.820	44,52
Viðskiptabankar (<i>p.m.t. nýju viðskiptabank.</i>)	1	e	441.963	48,37	3.737.218.990	600	600	0,00746	0,00682	278.797	34,31
"Gömlu" viðskiptabankarnir						4.000				12.000	1,48
Sparisjóðir	1	e	34.522	3,78	615.254.528	600	600	0,00661	0,00661	44.006	5,41
Lánafyrirtæki	1	e	18.441	2,02	402.961.513	600	600	0,00661	0,00661	27.018	3,32
Vátryggingafélög:	2		125.649	13,75	37.292.417	600	600	0,38100	0,38100	143.884	17,70
Vátryggingamiðlarar	3	i	1.817	0,20	305.357	300	300	0,21500	0,21500	1.800	0,22
Verðbréfafyrirtæki	4	e	9.971	1,09	19.482.613	600	600	0,06100	0,06100	14.698	1,81
Verðbréfamíðlanir	4	e	1.050	0,11	203.853	350	350	0,06100	0,06100	1.400	0,17
Rekstrarfélög	4	e	34.591	3,79	701.337.986	600	600	0,00740	0,00740	52.334	6,44
- <i>töluliður 4. samtals</i>			45.612	4,99						68.432	8,42
Kauphallir	5	t	4.054	0,44	841.896	350	350	0,61000	0,61000	5.136	0,63
Lífeyrissjóðir	6	el	133.544	14,61	1.699.015.530	700/4.210	700/4.210	0,00891	0,00891	148.709	18,30
Verðbréfamíðstöðvar	7	t	2.570	0,28	354.149	350	350	0,84000	0,84000	2.975	0,37
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:											
Innlánsdeildir samvinnufélaga	8	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04
Íbúðalánasjóður	9	e	14.899	1,63	605.857.523	600	600	0,00320	0,00275	19.387	2,39
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	10	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04
Tryggingarsjóður sparisjóða	10	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.		f	3.000	0,33		1.500	1.500		1.500	3.000	0,37
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa		f	86.800	9,50						53.654	6,60
Aðilar með innheimtuleyfi, skv. l. nr. 95/2008						600				3.000	0,37
<i>Samtals</i>			913.771	100,0						812.697	100,0

*) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur;

el= hrein eign til greiðslu lífeyris;

i=bókfærð idgjöld; f=fastagjald

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.

2) Sjá nánar um áætluð fastagjöld á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í kafla 4 í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætladan rekstarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009.

3) Einnig fyrirl. drög að stofnefnahagsreikningum "nýju" viðskiptabankanna.

	Ársreikn. 2007	0,00661 % á sparisjóði og láanafyrirt
(móðurfélög)	Álagningargr.	0,00746 % á banka
Víðskiptabankar samtals	<i>Pús.kr.</i>	<i>Með lágmgi.</i>
Nýja Kaupþig hf.	699.925.000	52.214
Nýi Landsb. Ísl. hf.	1.300.149.000	96.991
Nýi Glitnir hf.	885.901.000	66.088
Straumur Búrðarás	546.531.430	40.771
Icebank hf.	252.405.984	18.829
MP Fjárfestingarbanki	52.306.576	3.902
Samt.	3.737.218.990	278.797

Sparisjóðir :

Reykjavíkur	213.413.982	14.107
Byr sparisjóður	206.057.500	13.620
Keflav	93.367.931	6.172
Mýras	39.876.910	2.636
Vestmannaeyja	12.185.660	805
Sigluflj	9.889.733	654
Bolungarvíkur	9.257.288	612
Svarfdæla	6.346.628	600
Norðfjarðar	5.733.609	600
nb.is	5.422.170	600
Ólafsfj	3.536.769	600
Sparisjóður Þórshafnar og nágr.	2.937.754	600
S-Þingeyinga	2.886.421	600
Strandamanna	1.845.348	600
Höfðhverfinga	1.562.425	600
Kaupþings	934.400	600
Samt	615.254.528	44.006

Lánafyrirtæki:

		<i>Með lágmgi.</i>
Frjálsi (dótturf. SPRON, 99,9% -Ekki r)	70.387.129	4.653
Lýsing (100% VÍS?)	67.484.578	4.461
Sp Fjárm.(51,0% Lí)	49.198.617	3.252
Lánasjóður sveitarfélaga	41.733.250	2.759
SAGA Capital fjárfb. Hf. (stafrl.20)	38.448.063	2.541
VSB fjárfestingarbanki	35.233.501	2.329
Valitor -Visa	35.071.251	2.318
Askar Capital	20.109.127	1.329
Avant hf.	17.834.414	1.179
Byggðast	12.937.462	855
Borgun-Europay (bráðab.tala)	11.227.941	742
Kreditkort (starfsl. 22/2 2008)	3.296.180	600
	402.961.513	27.018

Gömlu bankarnir

12.000

Lánastofnanir samtals:

361.820

Alþingi
Erindi nr. P 136/383
komudagur 10.12.2008



Viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 8. desember 2008.

Efni: Frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hafa nú tekið yfir hagsmunagæslu fyrir váttryggingamiðlara, þar sem nær öll fyrirtæki í þeirri grein hafa gengið til liðs við samtökin. Af því tilefni vilja samtökin vísa til beiðni frá viðskiptanefnd um umsögn um breytingu á nefndum lögum að því er lýtur að eftirlitsgjaldi fyrir váttryggingamiðlara.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu eftirlitsgjald frá fyrra ári, en þá varð umtalsverð hækkun á gjaldinu. Eins og ekki þarf að fjölyrða um hefur erfitt efnahagsástand í landinu komið illa niður á váttryggingamiðlurum ekki síður en mörgum öðrum atvinnugreinum. Gjald þetta er þegar verulega íþyngjandi fyrir fyrirtækin í þessari grein og á váttryggingamiðlun nú sem oft áður mjög undir högg að sækja og tvísýnt um framtíð greinarinnar hér á landi. Af því tilefni vilja Samtök verslunar og þjónustu beina því til nefndarinnar hvort ekki sé möguleiki á að lækka eftirlitsgjaldið fyrir váttryggingamiðlara til fyrra horfs, þ.e. þess sem var fyrir þá hækkun sem var samþykkt fyrir ári síðan. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á hækkun í 0,131% af iðgjöldum sem miðlað var á næstliðnu ári tók gildi 1. janúar 2006 og samskonar hækkun í 0,147% tók gildi 1. janúar 2007. Tillaga SVÞ er því sú að eftirlitsgjaldið fyrir váttryggingamiðlara lækki niður í 0,147%, eða það sem gildi fyrir árið 2007.

Virðingarfyllst,
f.h. SVÞ


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 136/328
komudagur 5.12.2008

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t Brynhildar Pálmarsdóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 5. desember 2007.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum (28. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á álagningarhlutföllum eftirlitsgjalds frá gildandi lögum.

Það er ljóst af endurmati áætlaðs rekstrarkostnaðar að FME er að mæta fyrirhuguðu tekjutapi vegna falls bankanna og samdráttar í útgáfu hluta- og skuldabréfa með því að falla frá áætluðum útgjaldaaukninum og því ber að fagna. Athugasemdir frumvarpsins eru hins vegar ekki í samræmi við þessar fyrirætlanir, sem afar er mikilvægt að nefndin leggi til að verði lagfært.

Ef aðstæður á innlendum fjármálamarkaði væru ekki eins slæmar og nú hefði verið eðlilegra að draga enn frekar út útgjöldum eftirlitsins. Stafar það m.a. af því að þegar lögnum var breytt í fyrra þá var kveðið á um umtalsverða hækkun tekna, eða um ríflega 50%, til að mæta stórauknum útgjöldum eftirlitsins. Aukin útgjöld voru til komin vegna breytts umhverfi íslensks fjármálakerfis, sem fólst fyrst og fremst í aukinni alþjóðlegri starfsemi viðskiptabankanna. Þær breytingar sem lágu til grundvallar þessarar hækkunar hafa gengið nær alfarið til baka, um óákveðinn tíma, og er ríkið nú ráðandi aðili á fjármálamarkaði sem hefur dregist saman að stórum hluta frá því lögnum var breytt síðast. Forsendur þeirra hækkunar eru því brostnar. Nú sem aldrei fyrr er hins vegar þörf á öflugu og traustu Fjármálaeftirliti og því ekki æskilegt að ráðast í frekari niðurskurð á útgjöldum þess.

Ein athugasemd er þó gerð við breytingartillögu sem fylgir frumvarpinu. Til að forðast frekari tekjusamdrátt, og samsvarandi niðurskurð útgjalda, hefur verið ákveðið að hækka álagningarhlutfall fyrir lánastofnanir úr 0,00603% í 0,00697%. Að mati Viðskiptaráðs er hækkun þessi afar einkennileg enda liggur fyrir að umsvif lánastofnanna, og þar með eftirlit með þeim, hefur dregist verulega saman að undanförunu. Þetta er einnig einkennilegt í ljósi þess að nýju ríkisbankarnir eiga að greiða skv. frumvarpinu fastagjald að fjárhæð einungis 4 mkr. Ekki er ljóst af breytingartillögunni afhverju ríkisbankarnir greiða fastagjald á meðan aðrar lánastofnanir þurfa að greiða veltutengt gjald. Að mati Viðskiptaráðs hefði mátt áætla veltu ríkisbankanna til að gæta samræmis, sem hefði svo hugsanlega gert fyrrgreinda hækkun óþarfa. Einkareknar lánastofnanir eiga ekki að niðurgreiða eftirlit FME með ríkisbönkunum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en telur eðlilegt að álagt eftirlitsgjald á ríkisbankanna verði leiðrétt m.v. áætlaða veltu svo samræmis sé gætt milli þeirra og annarra lánastofnanna.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**
Sendandi: **Viðskiptaráðuneytið**
Dagsetning: **05.12.2008**
Málsnúmer: **VRN08070006**
Bréfalykill: **51.020**

Efni: Breyting á lögum nr 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Á fundi ráðuneytisins með viðskiptanefnd fyrir í þessari viku var gerð grein fyrir hugmyndum um um samdrátt í rekstrarumfangi Fjármálaeftirlitsins og lækkun eftirlitsgjalds frá því sem frumvarp á þskj. 28 gerir ráð fyrir.

Ennfremur var gert grein fyrir því að frá því að að mælt var fyrir frumvarpinu hafi Fjármálaeftirlitinu verið falin ný verkefni, sbr. lög nr.134/2008, um breyting á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Í kostnaðarumsögn með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 134/2008 segir að " Að svo stöddu er talið að kostnaður við það (þ.e. frumvarpið, innsk. viðsk.rn.) ætti að rúmast innan fjárheimilda þeirra aðila sem eiga annast um það, einkum Fjármálaeftirlitið og hugsanlega lögregluþyrirvöld og ákærvaldið." Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu leitað fjármálaráðuneytið ekki til eftirlitsins um álit á því hversu umfangsmikið gjaldeyriseftirlitið kynni að reynast. Kostnaðarumsögnin byggir því ekki á áliti þeirra sem framkvæma eiga eftirlitið. Í þessu samhengi er rétt að rifja upp að sérstök deild, skipuð allnokkrum starfsmönnum, hafði með höndum gjaldeyriseftirlit á með það eftirlit var virkt innan Seðlabanka Íslands. Í drögum að breytingartillögu og eins í meðfylgjandi töflu, er gerð tillaga um að gjaldeyriseftirlitið muni kosta sem samsvarar um einu stöðugildi. Sá kostnaður, að meðtöldum launatengdum gjöldum og öðrum kostnaði sem unnt er að heimfæra upp á starfsmann, er varlega áætlaður 13 mkr. Gera drögin að breytingartillögu ráð fyrir að þessum kostnaði verði dreift á þau fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til gjaldeyrisviðskipta. Breyting frá þeirri töflu sem afhent var nefndinni fyrir í vikunni er sú að álagningarprósenta vegna viðskiptabanka hækkar úr 0,00746% í 0,00774% og álagningarprósenta vegna sparisjóða, lánaþyrirtækja og rafeyrisþyrirtækja úr 0,00661% í 0,00686%. Er það mat ráðuneytisins, eftir samráð við Fjármálaeftirlitið, að heppilegra sé að hreyfa við þessum álagningarprósentum heldur en að leggja fast lágmarksgjald á alla þá sem heimild hafa til gjaldeyrisviðskipta þar sem slík álagning, sem þurfti að vera 400 þkr. á fyrirtæki, kæmi hlutfallslega þyngra niður minni fjármálafyrirtækin. Verði það niðurstaðan að eftirlitið verði umfangsmeira en hér er gert ráð fyrir verður gerð grein fyrir því þegar frumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit verður næst lagt fram.

Í drögum að breytingartillögum eru rauðlitaðar þær efnislegu breytingar sem lagðar eru til frá gildandi lögum. Eins og í frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir því að 4.-6. tölul. verði sjálfstæðir töluliðir en þau fyrirtæki sem þar eru talin upp eru í einum tölulið í gildandi lögum.

Meðfylgjandi minnisblaði þessu er tafla nr. 2 (breytingar frá gildandi álagningarprósentum rauðlitaðar) og drög að breytingartillögum (breytingar frá gildandi lögum rauðlitaðar). Gera tillögur þessar ráð fyrir að heildarálagning eftirlitsgjalds verði 825,7 mkr.

Drög að breytingartillögum

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sbr. þskj. 28-28. mál.

.....

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á frumvarpinu:

1.

Á eftir 2. másl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila.

2.

5. g. laganna verður svohljóðandi:

Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki og rafeyrisþyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.:

a. Viðskiptabankar 0,00774%.

b. Sparisjóðir, lánaþyrirtæki og rafeyrisþyrirtæki 0,00686%.

Þrátt fyrir framangreint skulu Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. aðeins greiða fastagjald að fjárhæð kr. 4.000.000 hver.

2. Vátryggingafélög skulu greiða 0,381% af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

3. Félög eða einstaklingar sem stunda vátryggingamiðlun skulu greiða 0,215% af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 300.000 kr.

4. Verðbréfaþyrirtæki skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.

5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða 0,061% af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000 kr.

6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða og fjárfestingarsjóðir sem gefa út hlutabréf skulu greiða 0,0074% af eignum rekstrarfélags og viðkomandi sjóða samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.

7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða 0,84% af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 350.000 kr.

8. Kauphallir skulu greiða 0,61% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 350.000

kr.

9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða 0,00891% af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 700.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.120.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna, 1.960.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum til tuttugu og fimm milljarða króna, 3.650.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum til eitt hundruð milljarða króna og 4.210.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. másl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.

10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

11. Íbúðalánasjóður skal greiða 0,0032% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

12. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta skulu greiða fastagjald sem nemur 300.000 kr.

Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulíð 1. mgr.

Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á váttryggingasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna hlutabréfa sinna. Greiða skal 300.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 800.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til tuttugu og fimm milljarða króna, 2.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til eitt hundruð milljarða króna, 4.400.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundruð til fimm hundruð milljarða króna og 6.300.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljarða króna.

Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefinna skuldabréfa sinna. Greiða skal 100.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 150.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til fimm milljarða króna, 350.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til tíu milljarða króna, 600.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til fimmtíu milljarða króna, 850.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimmtíu til tvö hundruð milljarða króna og 1.000.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljarða króna.

Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009. Tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Miðað er við álagningarþörf 812.697 þús.kr. skv. endurskoðari rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2009

Tafla 2

Einnig hefur verið bætt við 13.000 kr. v/ eftirlits með gjaldeyrisviðskiptum v/nýs hlutverks FME í eftirliti með l. nr. 87/1992.

Áætluð álagningarhlutföll annarra en viðskiptabanka, sparisjóða og lánaþyril. og Íbúðalánsj. eru óbreytt frá gildandi lögum. Lágmarks- og fastagjöld eru öll óbreytt. Fastagjöld eru lögð á "gömlu bankana" og aðila með innheimtuleyfi.

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/1999 5. gr. Liður nr.	Útr.-stofn *)	Álagt eftirlitsgjald 2008	Hlutf. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagning 2008	Álagningarstofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2007 ²⁾	Áætluð lán- og fastagjöld 2009	Gildandi lán- og fastagjöld 2008	Áætluð álagningarhlutföll - % vegna ársins 2009	Gildandi álagningarhlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2009 ¹⁾	Hlutf. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagning 2009	Hækkun milli ára
Lánastofnanir - tölulíður 1. samtals			494.926	54,16	4.755.435.031					374.744	45,39	-24,3%
Viðskiptabankar (þ.m.t. nýju viðskiptabank.)	1	e	441.963	48,37	3.737.218.990	600	600	0,00774	0,00682	289.261	35,03	-34,6%
"Gömlu" viðskiptabankarnir						4.000				12.000	1,45	
Sparisjóðir	1	e	34.522	3,78	615.254.528	600	600	0,00686	0,00661	45.466	5,51	31,7%
Lánaþyrirtæki	1	e	18.441	2,02	402.961.513	600	600	0,00686	0,00661	28.017	3,39	51,9%
Vátryggingafélög:	2		125.649	13,75	37.292.417	600	600	0,38100	0,38100	143.884	17,43	14,5%
Vátryggingamiðlarar	3	i	1.817	0,20	305.357	300	300	0,21500	0,21500	1.800	0,22	-0,9%
Verðbréfaþyrirtæki	4	e	9.971	1,09	19.482.613	600	600	0,06100	0,06100	14.698	1,78	47,4%
Verðbréfamíðlanir	4	e	1.050	0,11	203.853	350	350	0,06100	0,06100	1.400	0,17	33,3%
Rekstrarfélög	4	e	34.591	3,79	701.337.986	600	600	0,00740	0,00740	52.334	6,34	51,3%
- tölulíður 4. samtals			45.612	4,99						68.432	8,29	50,0%
Kauphallir	5	t	4.054	0,44	841.896	350	350	0,61000	0,61000	5.136	0,62	26,7%
Lífeyrissjóðir	6	el	133.544	14,61	1.699.015.530	700/4.210	700/4.210	0,00891	0,00891	148.709	18,01	11,4%
Verðbréfamíðstöðvar	7	t	2.570	0,28	354.149	350	350	0,84000	0,84000	2.975	0,36	15,8%
Aðrir eftirlitskyldir aðilar:												
Innlánsdeildir samvinnufélaga	8	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04	0,0%
Íbúðalánsjóðir	9	e	14.899	1,63	605.857.523	600	600	0,00320	0,00275	19.387	2,35	30,1%
Tryggingarsjóður innstæðucigenda og fjárf.	10	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04	0,0%
Tryggingarsjóður sparisjóða	10	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04	0,0%
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.		f	3.000	0,33		1.500	1500		1500	3.000	0,36	0,0%
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa		f	86.800	9,50						53.730	6,51	-38,1%
Aðilar með innheimtuleyfi, skv. l. nr. 95/2008						600				3.000	0,36	
Samtals			913.771	100,0						825.697	100,0	-9,6%

*) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur;

el= hrein eign til greiðslu lífeyris;

i=bókfærð iðgjöld; f=fastagjald

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.

2) Óbreytt fastagjöld frá gildandi lögum.

3) Einnig fyrirl. drög að stofnefnahagsreikningum "nýju" viðskiptabankanna.

Drög að breytingartillögum

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, sbr. þskj. 28 – 28. mál.

.....

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á frumvarpinu:

1. Á eftir 2. másl. 3. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila.

2. Eftirfarandi breytingar verði gerðar á 1. gr. (um 5. gr. laganna):
 - a. Í stað hlutfallstölunnar „0,00603%“ í 1. tl. 1. mgr. komi: 0,00697%.
 - b. Við 1. tl. 1. mgr. bætist nýr málslíður sem orðist svo: Þrátt fyrir framangreint skulu Kaupþing banki hf., Glitnir banki hf. og Landsbanki Íslands hf. þó aðeins greiða fastagjald að fjárhæð 4.000.000 kr. hver.
 - c. Á eftir 6. mgr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

Fyrri breytingartillagan tryggir að unnt sé að leggja eftirlitsgjald á hina nýju viðskiptabanka, þ.e. að álagningargrunnurinn verði stofnefnahagsreikningur hvers um sig.

Seinni breytingartillagan „stemmir af“ þann tíma sem áætlað er að fari í eftirlit með fjármálafyrirtækjum (breytt álagningar%), tryggir að unnt sé að leggja eftirlitsgjald á „gömlu bankana“ en þeir munu halda takmörkuðu starfsleyfi um sinn og tryggir að lagt verði lágmarkseftirlitsgjald á þá sem stunda innheimtustarfsemi.

26. nóv. 2008

Endurmat áætlaðs rekstarkostnaðar Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009

Í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, sendi Fjármálaeftirlitið viðskiptaráðherra rekstraráætlun stofnunarinnar vegna ársins 2009 með bréfi þann 3. júlí sl.

Eftir ráðstafanir á fjármáلامarkaði í október 2008 á grundvelli l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármáلامarkaði o.fl., er ljóst að breytingar verða í starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins á árinu 2009, sem ekki var gert ráð fyrir í framlagðri rekstraráætlun stofnunarinnar. Ljóst er að rekstarumfag stofnunarinnar verður minni en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Helstu ástæður eru þær að hætt er við fjölgun stafsmanna á árinu og fallið er frá áætlun um flutning í nýtt húsnæði. Ennfremur er fyrirsjáanlegt að utanlandsferðir verða færri og fallið frá fyrirhugaðri þátttöku í alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO) á næsta ári. Af þeim sökum setur Fjármálaeftirlitið fram nýja rekstraráætlun fyrir árið 2009. Vísað er til skýringa varðandi rekstur ársins 2007 og rekstraráætlun ársins 2008 í fyrrgreindri skýrslu til viðskiptaráðherra.

Rekstraráætlun fyrir árið 2009

Í töflu 1 er sýnd rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008, endurskoðuð áætlun 2008, áætlun vegna 2009 og að síðustu ný áætlun ársins 2009 í samræmi við það sem greint er frá hér að framan. Í endurskoðaðri áætlun ársins 2008 er nú gert ráð fyrir lækkun launaliðar á árinu frá upphaflegri áætlun. Farið hefur verið ítarlega yfir hvern lið fyrri áætlunar ársins 2009 og allir kostnaðarliðir lækkaðir sem talið er mögulegt að lækka miðað við þau verkefni sem nú liggja fyrir. Hér á eftir er gerð grein fyrir breytingum helstu liða í nýrri rekstraráætlun frá áður framlagðri áætlun:

Launakostnaður

Fyrri áætlun gerði ráð fyrir 7,8 nýjum stöðugildum á árinu 2009 eða 64,2 stöðugildum í árslok 2009 samanborið við 56,4 í lok árs 2008 og að aukningin á árinu 2009 reiknaðist frá byrjun ársins. Þá voru ekki meðtaldir lausráðnir starfsmenn sem áætlað var að yrðu 5 á árinu 2009. Nú er hins vegar gert ráð fyrir sama fjölda stöðugilda í árslok 2009 eins og í áætluninni vegna 2008 auk 4 lausráðinna starfsmanna. Eftir þessar breytingar er launakostnaður áætlaður 675,0 m.kr. eða 23,5% lægri en fyrri áætlun fyrir árið 2009. Þá er vakin athygli á að Fjármálaeftirlitið tekur við nýju verkefni er varðar eftirlit með innheimtustarfsemi í ársbyrjun 2009 sem áætlað er að þarfnist tveggja nýrra stöðugilda. Á árinu 2009 verður reynt að mæta þessu nýja verkefni með tilfærslu starfsfólks og hagræðingu eftir því sem kostur er.

Íþrótt- og gístistyrkur er samkvæmt endurskoðari áætlun 6 m.kr. og hefur því verið lækkaður um 18,9% frá fyrri áætlun eða í sömu fjárhæð og endurskoðuð áætlun 2008 gerir ráð fyrir.

Húsaleiga og rekstur á húsnæði

Samkvæmt nýrri áætlun er nú gert ráð fyrir að þessi kostnaðarliður verði samtals 42 m.kr. á árinu 2009 sem er 27% lækkun frá fyrri áætlun ársins 2009. Ástæðan er sú að ekki er nú gert ráð fyrir flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði á næsta ári á grundvelli fyrirbyggjandi húslýsingar. Aðstæður í umhverfi stofnunarinnar eru breyttar og húsnæðismálið þarfnast frekari athugunar. Leigusamningur vegna hluta af núverandi húsnæði stofnunarinnar sem verið hefur í tímabundinni leigu frá miðju ári 2008 rennur út í júlí 2009 með möguleika á framlengingu til ársloka 2009. Sú húsnæðisviðbót er fyrst og fremst ástæðan fyrir 21.2% hækkun þessa liðar frá endurskoðaðri áætlun ársins 2008.

Rekstur tölvubúnaðar

Í nýrri áætlun er nú gert ráð fyrir að útgjöld vegna reksturs tölvubúnaðar og sérfræðipjónustu vegna tölvumála verði samtals 70 m.kr. á árinu 2009 sem er 15,2% lækkun frá fyrri áætlun. Áætlað er að til þessa liðar verði varið sömu fjárhæð og á árinu 2008. Niðurskurður liðarins tekur til margra þátta. Gert ráð fyrir lengri líftíma notendabúnaðar og að töluvert lægri fjárhæðum verði varið til uppbyggingar gagnagrunna og í ýmsan hugbúnað á næsta ári

Ferðakostnaður erlendis

Samkvæmt upphaflegri áætlun var gert ráð fyrir að ferðakostnaður erlendis hækkaði um 17,9% milli ára og yrði 33,0 m.kr. Vegna breyttra aðstæða á fjármálamarkaði er hins vegar gert ráð fyrir færri ferðum en lækkun krónunnar dregur hins vegar úr sparnaðaráhrifum á þennan lið sem lækkar um 9,1% frá fyrri áætlun.

Kostnaður vegna flutninga /eignakaupa

Eins og nefnt er hér að framan undir liðnum *húsaleiga og rekstur á húsnæði* er í nýrri áætlun ekki gert ráð fyrir flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði á árinu 2009. Ekkert verður því af kaupum á þeim skrifstofuhúsgögnum og búnaði sem gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Þessi liður lækkar því úr 27,5 m.kr. í 5 m.kr. í nýrri áætlun eða um 81,8%. Þá eru nú áætlaðar 1,5 m.kr. í kostnað vegna flutninga í stað 2,5 m.kr. í fyrri áætlun. Þessum lið er fyrst og fremst ætlað að standa undir undirbúningskostnaði við að útvega stofnuninni nýtt húsnæði sem væntanlega kemur til athugunar aftur á næsta ári.

Annar rekstarkostnaður

Samtala kostnaðarliða í nýrri áætlun fyrir árið 2009 sem ekki hefur verið gerð grein fyrir hér á undan er 82,7 m.kr. eða 9,0% áætlaðra gjalda alls á árinu. Samtals lækka þessir liðir nú við endurskoðun rekstaráætlunarinnar um 7,2% frá upphaflegri áætlun.

Rekstrarkostnaður samtals

Samtala gjaldaliða án úrskurðarnefnda er samkvæmt nýrri áætlun 922,2 m.kr. á árinu 2009 samanborið við 1.192,2 m.kr. í upphaflegri áætlun. Heildarlækkunin er því 22,6%.

Aðrar tekjur, vaxtatekjur

Vaxtatekjurnar eru byggðar á áætlaðri meðalstöðu innstæðu m.v. álagningu sem miðast við drög að rekstraráætlun. Aðrar tekjur samkvæmt nýrri áætlun eru óverulegar eða um 0,5 m.kr. vegna yfirlestrar á útboðslýsingum félaga sem ekki eru skráð á Kauphöll Íslands hf. en um er að ræða tilfallandi tekjur.

4. Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009

Tilkoma nýju viðskiptabankanna þriggja í október 2008, þ.e. Nýja Kaupþings banka hf., Nýja Glitnis banka hf. og Nýja Landsbanka Íslands hf. (nú NIB hf.), sem stofnaðir voru á grundvelli l. nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl., breytir forsendum áður framlagðrar tekjuáætlunar Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009. Um er að ræða nýja viðskiptabanka, sem þarf að leggja á eftirlitsgjald, en forsendur áður áætlaðrar álagningar eftirlitsgjaldsins voru heildareignir gömlu bankanna þriggja m.v. móðurfélög, þ.e. Kaupþings banka hf., Glitnis banka hf. og Landsbanka Íslands hf., sem voru mun stærri. Nú er hins vegar gert ráð fyrir að gömlu bankarnir þrjú muni aðeins annast mjög takmarkaða leyfisbundna starfsemi, tengda ráðstöfun á eignum þeirra, og því mjög breyttar forsendur til álagningar eftirlitsgjalds á þá.

Önnur áhrif framangreindra breytinga á fjármálamarkaði á áður framlagða tekjuáætlun Fjármálaeftirlitsins eru að áætlaðar tekjur vegna álagningar eftirlitsgjalds á útgefendur hluta- og skuldabréfa í Kauphöll munu lækka verulega.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er rökrétt að nota stofnefnahagsreikning nýju viðskiptabankanna sem álagningargrunn eftirlitsgjalds á árinu 2009. Til að mögulegt sé að nota stofnefnahagsreikninga þessara aðila sem álagningargrunn er nauðsynlegt að breyta ákvæði 3. mgr. 4. gr. 1. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ákvæðið er hér sýnt með tillögu Fjármálaeftirlitsins um nauðsynlega breytingu með tilvísun til framangreinds: „*Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi fyrir fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota hann sem álagningarstofn.* [Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila]. *Heimilt er að beita ákvæðum 2. mgr. ef við á.*“

Vegna framangreinds er nauðsynlegt að leggja til breytingu á áður framlagðri tillögu um álagningarhlutföll vegna eftirlitsgjalds sem sett var fram með fyrri rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins. Því er nú gerð ný tillaga um breytt álagningarhlutfall fyrir lánastofnanir sem verði 0,00697. Önnur álagningarhlutföll verði óbreytt frá fyrri tillögu.

Eins og nefnt hefur verið hér að framan er nú gert ráð fyrir að starfsemi gömlu viðskiptabankanna verði framvegis afar takmökkuð og starfsleyfi þeirra einskorðuð við nauðsynlega umsjón og ráðstöfun á eignum þeirra. Óvissa er um hvert verður nauðsynlegt eftirlit í þessu sambandi. Lagt er þó til í þessar nýju áætlun að þessum aðilum verði ætlað að standa undir kostnaði við ríflega eitt stöðugildi sérfræðings á árinu

2009 sem lagt verði á í formi fastagjalds að fjárhæð 4.000.000 kr. á hvern gömlu bankanna þriggja.

Þann 1. janúar 2009 taka gildi ný lög nr. 95/2008, innheimtulög. Fjármálaeftirlitinu er ætlað eftirlit og leyfisveitingar vegna þessarar starfsemi. Í áður framlagðri rekstraráætlun stofnunarinnar eru ekki tillögur um eftirlitsgjald á aðila með innheimtuleyfi þar sem forsendur þess voru óljósar þegar áætlunin var gerð eins og fram kemur í athugasemdum við fyrirliggjandi lagafrumvarp um breytingar á l. nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Fram kemur einnig að samkvæmt rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir tveimur nýjum stöðugildum vegna eftirlits samkvæmt innheimtulögum á árinu 2009. Enn er óljóst hve margir aðilar munu sækjast eftir leyfi á grundvelli nefndra laga. Þá hefur Fjármálaeftirlitið heldur ekki enn handbærar upplýsingar um umfang þessarar starfsemi til æskilegustu skiptingar þess kostnaðar sem af væntanlegu eftirliti mun verða. Eigi að síður telur Fjármálaeftirlitið nú rétt að leggja til að lagt verði fastagjald að fjárhæð 600.000 kr. á aðila sem fá innheimtuleyfi á grundvelli innheimtulaga á árinu 2009. Gjaldið tekur mið af lágmarksgjaldi fjármálafyrirtækja og váttryggingarfélaga og innheimtist á sömu gjalddögum. Í nýrri tekjuáætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 er nú gert ráð fyrir að slíkt fastagjald innheimtist hjá fimm aðilum og að slíkt álagt gjald verði alls 3 m.kr. á árinu.

Eins og fram kemur í áður framlagðri rekstraráætlun fyrir árið 2009 var gert ráð fyrir að eftirlitsgjald á því ári verði 1.115,9 m.kr. Í nýrri áætlun er hins vegar gert ráð fyrir að eftirlitsgjaldið verði 812,7 m.kr. sem er lækkun um 27,2% . Áætlað eftirlitsgjald á árinu 2008 er 915,0 m.kr.

Tafla 2. sýnir hvernig áætlað er að álagning eftirlitsgjalds samkvæmt framangreindu skiptist á flokka eftirlitsskyldra aðila.

Rekstraráætlun FME 2009

Tafla 1

	Áætlun vegna 2008 1	Endursk. áætlun 2008 2	Áætlun vegna 2009 3	Endursk. áætlun 2009 4	Breyting % D2 til D4	Breyting % D3 til D4
Rekstrarkostnaður:						
1 Laun og launatengd gjöld	675.700	641.915	882.700	675.000	5,2%	-23,5%
2 Íþróttá- og gististyrkur	6.000	6.000	7.400	6.000	0,0%	-18,9%
3 Stjórnarlaun	9.400	10.400	10.800	10.800	3,8%	0,0%
4 <i>Laun og launatengd gjöld samtals</i>	<i>691.100</i>	<i>658.315</i>	<i>900.900</i>	<i>691.800</i>	<i>5,1%</i>	<i>-23,2%</i>
5 Starfsmannabj., kaffi, fundir	4.800	4.800	6.000	5.500	14,6%	-8,3%
6 Endurm.kostnaður og skólakostnaður	8.500	8.500	10.000	8.500	0,0%	-15,0%
7 Húsaleiga, húsfélag	57.000	33.000	55.500	40.000	21,2%	-27,9%
8 Rafmagn, hiti,	3.400	1.500	2.000	2.000	33,3%	0,0%
9 Símakostnaður	6.500	6.500	7.500	7.500	15,4%	0,0%
10 Útgáfa, auglýsingar, prentun o.fl.	6.000	6.000	6.500	6.000	0,0%	-7,7%
11 Bækur og ritföng	4.800	4.800	6.000	5.000	4,2%	-16,7%
12 Póstkostnaður	700	700	800	800	14,3%	0,0%
13 Rekstur tölvub., sérfr.þj. v. og eignk. v. tölvumála	70.000	70.000	82.500	70.000	0,0%	-15,2%
14 Sérfræðikostnaður	8.000	8.000	10.000	10.000	25,0%	0,0%
15 Málskostnaður	6.000	6.000	6.000	6.000	0,0%	0,0%
16 Stjórnunar og árangursmæling	2.500	2.500	2.500	1.500	-40,0%	-40,0%
17 Ferðakostnaður erlendis	28.000	28.000	33.000	30.000	7,1%	-9,1%
18 Ferðakostnaður innanlands	2.800	2.800	3.500	3.200	14,3%	-8,6%
19 Þátttökugj. vegna erl. samstarfs	5.000	5.000	7.400	7.400	48,0%	0,0%
20 Kostnaður vegna funda her á landi	1.200	1.200	1.800	1.200	0,0%	-33,3%
21 Eignakaup	21.000	4.000	27.500	5.000	25,0%	-81,8%
22 Öryggisgæsla	1.600	1.600	2.200	2.500	56,3%	13,6%
23 Ræsting, ræstingarvörur	6.000	6.000	6.500	6.500	8,3%	0,0%
24 Styrkur til starfsmannafélags	1.250	1.250	1.600	1.300	4,0%	-18,8%
25 Kostnaður vegna flutninga	2.000	2.000	2.500	1.500	-25,0%	-40,0%
26 Ýmis gjöld og þjónusta	8.000	8.000	10.000	9.000	12,5%	-10,0%
27 <i>Önnur gjöld samtals</i>	<i>255.050</i>	<i>212.150</i>	<i>291.300</i>	<i>230.400</i>	<i>8,6%</i>	<i>-20,9%</i>
28 Gjöld alls án úrskurðarnefnda	946.150	870.465	1.192.200	922.200	5,9%	-22,6%
Tekjur						
30 Álagt eftirlisgj. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999	914.963	914.963	1.082.197	812.697	-11,2%	-24,9%
31 Vaxtatekjur netto	10.000	10.000	12.000	12.000	20,0%	0,0%
32 Aðrar tekjur	500	500	1.000	500	0,0%	-50,0%
33 Tekjur alls án úrskurðarnefnda	925.463	925.463	1.095.197	825.197	-10,8%	-24,7%
34 Úrskurðarnefndir						
35 Launakostnaður vegna úrskurðarnefnda	6.000	6.000	6.000	6.000		
36 Tekjur úrskurðarnefnda	6.000	6.000	6.000	6.000		
37 Tekjuafgangur	-20.687	54.998	-97.003	-97.003		
38 Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	50.687	87.705	142.703	142.703		
39 Eigið fé í árslok	30.000	142.703	45.700	45.700		
- þar af sérstakur varasjóður	30.000	45.700	45.700	45.700		
- þar af annað eigið fé	0	97.003	0	0		



Áætluð álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 2009. Tillögur um álagningarhlutföll og lágmarksgjöld

Tafla 2

Miðað er við álagningarþörf 812.697 þús.kr. skv. endurskoðari rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins vegna 2009

Í þús. kr.	Tilvís. í lög nr. 99/1999 5. gr. Liður nr. *	Útr. stofn *	Álagt eftirlitsgjald 2008	Hlutf. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagning 2008	Álagningarstofnar samkvæmt ársreikningum ársins 2007 ³⁾	Áætluð lán- og fasta-gjöld 2009	Gildandi lán- og fasta-gjöld 2008	Áætluð álagningar hlutföll - % vegna ársins 2009	Gildandi álagningar hlutföll - % og fastagjöld	Áætluð álagning vegna ársins 2009 ¹⁾	Hlutf. skipting milli flokka eftirlitsk.aðila m.v. álagning 2009
Lánastofnanir - tölulíður 1. samtals			494.926	54,16	4.755.435.031					347.252	42,73
Viðskiptabankar (þ.m.t. nýju viðskiptabank.)	1	e	441.963	48,37	3.737.218.990	600	600	0,00697	0,00682	260.484	32,05
"Gömlu" viðskiptabankarnir						4.000				12.000	1,48
Sparisjóðir	1	e	34.522	3,78	615.254.528	600	600	0,00697	0,00661	46.108	5,67
Lánafyrirtæki	1	e	18.441	2,02	402.961.513	600	600	0,00697	0,00661	28.660	3,53
Vátryggingafélag:	2		125.649	13,75	37.292.417	600	600	0,40800	0,38100	153.953	18,94
Vátryggingamiðlarar	3	i	1.817	0,20	305.357	300	300	0,21500	0,02150	1.800	0,22
Verðbréfafyrirtæki	4	e	9.971	1,09	19.482.613	600	600	0,06400	0,06100	15.243	1,88
Verðbréfamiðlanir	4	e	1.050	0,11	203.853	350	350	0,06400	0,06100	1.400	0,17
Rekstrarfélög	4	e	34.591	3,79	701.337.986	600	600	0,00600	0,00740	42.624	5,24
- tölulíður 4. samtals			45.612	4,99						59.267	7,29
Kauphallir	5	t	4.054	0,44	841.896	350	350	0,61000	0,61000	5.136	0,63
Lífeyrissjóðir	6	el	133.544	14,61	1.699.015.530	750/4.580	700/4.210	0,00923	0,00891	154.050	18,96
Verðbréfamiðstöðvar	7	t	2.570	0,28	354.149	350	350	0,84000	0,08400	2.975	0,37
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar:											
Innlánsdeildir samvinnufélaga	8	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04
Íbúðalánasjóður	9	e	14.899	1,63	605.857.523	600	600	0,00280	0,00275	16.964	2,09
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf.	10	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04
Tryggingarsjóður sparisjóða	10	f	300	0,03		300	300		300	300	0,04
Eignarhaldsfélög skv. 4. mgr. 5. gr.		f	3.000	0,33		1.500	1500		1500	3.000	0,37
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa		f	86.800	9,50		²⁾				64.400	7,92
Aðilar með innheimtuleyfi, skv. l. nr. 95/2008						600				3.000	0,37
Samtals			913.771	100,0						812.697	100,0

*) e=eignir samtals; t=rekstrartekjur;
el= hrein eign til greiðslu lífeyris;
i=bókfærð iðgjöld; f=fastagjald

1) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.

2) Sjá nánar um áætluð fastagjöld á útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa í kafla 4 í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstarkostnað Fjármálaeftirlitsins árið 2009.

3) Einnig fyrirl. drög að stofnefnahagsreikningum "nýju" viðskiptabankanna.